

Hveragerðisbær
Guðmundur F. Baldursson
Breiðumörk 20
810 Hveragerði

Reykjavík, 1. október 2021
UST202109-160/A.Þ.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Kambaland í Hveragerði - breyting

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar er barst 17. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir íbúðabyggð í Kambalandi í Hveragerði.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á fjölgun íbúða á svæðinu, bæði við norðurhluta þess og við Kaplahraun, og breytingu á leikskólalóð og verslunar- og þjónustulóð. Tillagan gerir ráð fyrir alls 334 íbúðum á svæðinu.

Sérstök vernd

Í greinargerð kemur fram að svæðið liggja ofan á svokölluðu Hagavíkurhrauni, sem talið er vera um 5.500 ára gamalt og rann úr gossprungu sem klýfur Skarðsmýrarfjall upp á Helligsheiði. Að auki kemur fram að suðvestast á svæðinu liggur byggðin hugsanlega ofan á eldra hrauni, eða 10.300 ára gömlu hrauni sem rann af Helligsheiði.

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið sem skipulagssvæðið liggur á fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd en greinin fjallar um þau vistkerfi og jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. sama ákvæðis. Skv. 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir auk þess á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri

framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Stofnunin leggur áherslu á mikilvægi þess að í umhverfisskýrslu verði fjallað um áhrif byggðarinnar á verndargildi jarðmyndana á svæðinu.

Loftmengun frá bílaumferð

Umhverfisstofnun telur æskilegt að unnið sé dreifilíkan sem sýnir ársmeðaltal mengunarefna á fyrirhuguðu íbúðarsvæði en þjóðvegur 1 umlykur svæðið að norðan, vesta og sunnan. Æskilegt er að reikna styrk NO² og svifryks á svæðinu, bæði ársmeðaltal og hugsanlegan fjölda skipta á ári yfir mörkum. Umhverfisstofnun bendir á að til að fá marktæk gildi fyrir svifryk er ekki nægjanlegt að reikna eingöngu svifryk sem kemur frá útblæstri bíla heldur þarf einnig að felast í útreikningi um svifryk mögulegt ryk frá vegyfirborði.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að loftmengun á svæðinu fari ekki yfir viðmiðunarmörk sbr. viðauka I, reglugerðar nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og styrk ósons við yfirborð jarðar.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur